

YFIRLÝSING FÉLAGSINS ÍSLAND - PALESTÍNA

vegna afstöðu Körfuknattleikssambands Íslands.

Körfuknattleikssamband Íslands hefur ákveðið að landslið Íslands skuli leika gegn liði Ísraels í Evrópumóti karla þann 28. ágúst nk.

31. júlí sl. skoraði Félagið Ísland - Palestína á KKÍ að leika ekki við lið Ísraels.

Í áskoruninni vísaði FÍP til sáttmála Evrópuráðsins um að íþróttafólk „*skulu virða og vernda alþjóðlega viðurkennd mannréttindi og grundvallarfrelsi*“, ennfremur var vísað til laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um „*samfélagslega ábyrgð og virðingu fyrir alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum*.“ Vísað var til upplýsinga EUROMED, mannréttindasamtaka sem hafa lýst drápum Ísraelshers á palestínsku íþróttafólki, og eyðileggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar á Gaza. Í áskoruninni vísaði FÍP til margvíslegra brota Ísraels á ákvæðum alþjóðalaga, m.a. sveltistefnu sem er stríðsglæpur skv. samþykktum Sameinuðu þjóðanna og hefur valdið dauða og fötlun þúsunda barna á Gaza.

Í yfirlýsingu KKÍ segir að „*KKÍ telur ekki rétt að hætta við þátttöku á EuroBasket.*“ og „*Íþróttir eru vettvangur til að byggja brýr og tengja samfélög, þær geta líka verið tækifæri til að vekja umræðu. Ljóst er að slíkt gerist þó ekki með því að hætta þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.*“

Ennfremur lýsir KKÍ því að „*Ákvarðanir á borð við að hafna því að spila leik á mótinu myndu hins vegar hafa í för með sér fyrirvaralaus brottvísun úr keppni auk hárra fjársekta og mögulegt bann við þátttöku í komandi stórmótum á borð við EuroBasket og heimsmeistaramót.*“

KKÍ hefur ákveðið að taka fjárhagslega og félagslega hagsmuni fram yfir stuðning við mannréttindi og stuðning við baráttu gegn þjóðarmorði.

Palestínska þjóðin leggur líf sitt að veði í baráttu fyrir mannréttindum sem þjóðin hefur ekki fengið að njóta í rúma sjö áratugi.

Íslenska íþróttahreyfing hefur fram að þessu ekki viljað fórna neinu til að „*virða og vernda alþjóðlega viðurkennd mannréttindi og grundvallarfrelsi.*“

KSÍ, HSÍ og nú KKÍ senda lið til keppni við lið frá Ísrael þrátt fyrir áskoranir.

KKÍ segir að „*Íþróttir eru vettvangur til að byggja brýr og tengja samfélög, og sé tækifæri til að vekja umræðu.*“

Spurning hlýtur að vera þessi: Er leikur gegn íþróttafólki frá ríkjum sem brjóta mannréttindi og fremja þjóðarmorð vettvangur til að tengjast slíkum þjóðum? Ennfremur er rétt að spyrja: Hvar er umræðan innan íþróttahreyfingarinnar um þjóðarmorðið sem er framið fyrir allra augum?

Í áskorun FÍP til KKÍ segir: „*Forysta KKÍ stendur frammi fyrir mikilvægri ákvörðun:*

Að leika gegn liði Ísraels og skaða þar með íþróttahreyfinguna með því að sinna ekki ákalli fórnarlamba þjóðarmorðs.

Eða að starfa skv. lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands með því að sýna samfélagslega ábyrgð og virða og efla mannréttindi.“

FÍP harmar afstöðu KKÍ.

Afstaða KKÍ lýsir skorti á siðferðispreki og er í andstöðu við Sáttmálann gegn þjóðarmorði sem Alþingi hefur leitt í lög á Íslandi.

Reykjavík 21. ágúst 2025

Stjórn Félagsins Ísland - Palestína